

Hæstarjettardómar

Útgefandi: Hæstarjettarritari.

III. árgangur.

1922.

Föstudaginn 27. janúar 1922.

Nr. 21/1921. **Lárus Fjeldsted f. h. eiganda
mótorskipisins „Sieka IV“**

(Lárus Fjeldsted)

gegn

**Magnúsi Gíslasyni f. h. kaup-
fjelagsins „Hekla“**

(Pjetur Magnússon)

útaf vangreiddu farmgjaldi.

Dómur sjóðóms Reykjavíkur 1. nóvember 1920: Aðalstefnandi Lárus Fjeldsted f. h. eiganda mótorskipisins Sieka IV, og gagnstefnandi Magnús Gíslason f. h. kaupfjelagsins „Hekla“ eiga að vera sýknir hvor af annars kröfum í máli þessu.

Málskostnaður bæði í aðalsök og gagnsök falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Þegar vjel skipsins bilaði í fyrstu var viðtakandi farmsins staddur í Kaupmannahöfn, fermingarstað skipsins, og var honum og sömuleiðis farmsendara tilkynt um bilun vjelarinnar. Að liðnum 9 dögum frá því vjelin bilaði var farmurinn skoðaður af hálfu viðtakanda og þá ekki talið nauðsynlegt að taka hann úr skipinu. Nokkrum dögum síðar, er viðtakandi farmsins var farinn frá Kaupmannahöfn,

var farmsendari sem umboðsmaður farmviðtakanda aðvaraður af miðlara skipsins um að vörurnar kynnu að skemmast af því að liggja í skipinu og ráðstöfunar beiðst um hvað gjöra skyldi við farminn og var aðvörun þessi endurtekin tæpum mánuði síðar, er vjelin bilaði í annað sinn. Hvorugri þessari aðvörun var sint að neinu, og þar sem stefndi hefir ekki nægilega mótmælt því fyrir sjórjettinum, að farmsendari hafi haft umboð til að gæta hagsmuna sinna að því er ráðstöfun farmsins snertir meðan skipið lá á fermingarstaðnum, þá verður að líta svo á, að skipstjóri hafi beint aðvörunum sínum til rjetts hlutaðeiganda.

Nú átti farmeigandi að vísu rjett á að gjört væri við vjelina svo fljótt sem kostur var á og var þessa ekki gætt, þar sem aðgerðin drógst lengur en nauðsynlegt var. En með því að umboðsmaður farmeiganda ekki hóf nein mótmæli gegn þeim ónauðsynlega drætti, og þar sem hann ekki sinti endurteknunum aðvörunum miðlara skipsins um að ráðstafa farminum svo að hann ekki skemdist í skipinu, og skipstjóri virðist hinsvegar hafa annast farminn tilhlýðilega og gjört þær ráðstafanir, er við áttu, til þess að firra vörurnar skemduu með því að hafa lestina opna þegar veður leyfði, þá ber skipseigandi ekki ábyrgð á því, þótt vörurnar hefðu spilst af því að liggja í skipinu meðan það beið eftir aðgerð vjelarinnar.

Af þessum ástæðum ber, með skírskotun til málsútlistunarinnar í hinum áfrýjaða sjórjettardómi, að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu, en dæma stefnda til að greiða áfrýjanda eftirstöðvar farmgjaldsins, 7000 kr. með 6% vöxtum frá 24. ágúst 1919 til greiðsludags.

Það þykir rjett, að málskostnaður fyrir sjóðóminum falli niður, en að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 300 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi Magnús Gíslason f. h. kaupfjelagsins »Hekla« greiði áfrýjanda Lárusi Fjeldsted f. h. eiganda skipsins »Sieka IV« 7000 — sjö þúsund — krónur með 6% vöxtum frá 24. ágúst 1919 til greiðsludags.

Málskostnaður fyrir sjóðóminum falli niður, en stefndi greiði áfrýjanda 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir sjóðóminum með stefnu útgefni 15. desember f. á. af Lárusi Fjeldsted hæstarjettarmálaflutningsmanni hjer í bænum f. h. eiganda hollenska mótorskipsins Sieka IV, W. Mulder gegn Magnúsi Gíslasyni stjórnarráðsfulltrúa f. h. kaupfjelagsins „Hekla“ á Eyrarbakka og hefir stefnandi krafist þess, að stefndur verði f. h. stefnds kaupfjelags dæmdur til að greiða sjer f. h. tjeðs umbjóðanda síns 7000 krónur sem vangoldna leigu fyrir ofanefnt skip ásamt 6% ársvöxtum frá 24. ágúst f. á til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu, eða eftir mati sjóðómsins.

Stefndur hefir krafist sýknunar af öllum framangreindum kröfum stefnanda í málinu.

Hann hefir og með gagnstefnu útgefni 8. febrúar þ. á. höfðað gagnsök gegn stefnanda og krafist þess í henni, að aðalstefnandi verði f. h. umbjóðanda síns dæmdur til að greiða sjer f. h. kaupfjelagsins „Hekla“ með eða án skuldajafnaðar krónur 15947,00 í skaðabætur auk 6% ársvaxta af upphæðinni frá

gagnstefnudegi til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati sjóðómsins.

Málavextir eru þeir, að 20. apríl f. á. gjörði forstjóri kaupfjelagsins „Hekla“ Guðm. Guðmundsson, sem þá var staddur í Danmörku, leigusamning um mótorskipið Sieka IV, sem þá lá í Kaupmannahöfn, eina ferð til Eyrarbakka og var leigan ákveðin 14000,00 krónur fyrir ferðina. Var helmingur hennar greiddur við undirskrift samningsins en hinn helmingurinn átti að greiðast „on right delivery of the cargo“. Hinn 5. maí þ. á. var skipið fullfermt og átti að leggja á stað næsta dag, en er vjelin var sett í gang brotnaði stykki í henni og við það bognaði endinn á öxlinum. Aleit skipstjóri ekki fært að leggja á stað án viðgjörðar á vjelinni. Var Guðmundi Guðmundssyni gjört aðvart um bilunina. Kom hann út í skipið og tjáði skipstjóri honum þá að viðgjörðin mundi sennilega taka vikutíma, ef endurbæta mætti hin brotnu eða skemdu stykki, að því er skipstjóri hefir borið í sjórjetti Árnessýslu. Skömmu síðar fór Guðmundur Guðmundsson heim til Íslands.

Eftir skýrslu skipstjórans á „Sieka IV“, sem lögð hefir verið fram í málinu, var sú ákvörðun tekin 13. maí að láta skipasmiðastöð Burmeister & Wain í Kaupmannahöfn gjöra við mótorbilunina, sem átti sjer stað 6. s. m., og var skipið flutt þangað og undirbúningur hafinn, en næsta dag kom símskeyti frá Hollandi þess efnis, að stykkinn yrðu send frá Amsterdam og komu þau loks til Kaupmannahafnar 10. júní f. á. og 13. s. m. var vjelin komin í lag og sett í gang en þegar hún hafði gengið í 10 mínútur, brotnaði hið nýja stykki og öxullinn bognaði. Skrifaðist skipstjórinn þá á um málið, að því er sjeð verður, við vátryggjendur skipsins, fram og aftur, og fær loks 28. s. m. símskeyti um að láta aðgjörðina fara fram í Kaupmannahöfn. Sneri skipstjórinn sjer þá til áður nefndrar skipasmiðastöðvar, var aðgjörðinni þar lokið 17. júlí og skipið lagði loks á stað 18. s. m. en kom ekki fyrri en 24. ágúst til Eyrarbakka. Daginn eftir fjekk kaupfjlagið „Hekla“ dómkvadda menn til þess að skoða vörur þær, er komu með skipinu. Reyndust þær, sjerstaklega cement, mjög skemdar og kartöflur að mestu ónýtar. Taka skoðunarmennirnir það fram, að í lestarrúminu hafi verið hiti, illt loft og rakafult. Möttu þeir skaðann á vörunum kr. 15842,00 en kostnaðurinn við skoðunina og matið nam

kr. 105,00 og eru það þessar samtals kr. 15947,00, sem gagnstefnt er fyrir í málinu.

Gagnstefnandi heldur því nú fram, að því er kröfuna í aðalmálinu snertir, að sjei beri ekki að greiða farmgjald fyrir vörur þær, sem komið hafi skemdar og að farmgjald þeirra og hið óþeina tjón, sem hann hafi bæði við það, hve seint vörurnar komu, sje meira en upphæð sú, sem stefnt er fyrir í aðalmálinu, og krefst því sýknunar af þessari ástæðu.

Í gagnsökinni heldur gagnstefnandi því fram, að hin langa töf skipsins í Kaupmannahöfn, sem skipstjóri og eigandi skipsins beri ábyrgð á, hafi valdið skemdum þeim, er á vörunum urðu, og sje skipseiganda því skylt að að bæta fyrir það.

Aðalstefnandi hefir haldið því fram, fyrst og fremst, að töfin í Kaupmannahöfn hafi stafað af óviðráðanlegum orsökum, sem skipseigandi beri ekki ábyrgð á, í öðru lagi, að gagnstefnandi eða umboðsmaður hans hafi samþykkt ráðstafanir þær um viðgjörð vjelarinnar í skipinu, sem gjörðar hafi verið, og loks neitað því, að skemdir þær, er reyndust á vörunum, hafi stafað af töfinni í Kaupmannahöfn. Hann hefir því krafist sýknunar af kröfum stefnanda.

Vjelbilunin 6. maí verður nú að teljast ófyrirsjáanlegt atvik, sem skipseiganda verður ekki gefin sök á. Hinsvegar var honum skylt gagnvart leigutaka skipsins að láta bæta skaðann sem fyrst svo að sem minst töf yrði fyrir leigutakann, sem var búinn að ferma skipið og fær rjetturinn ekki sjeð, að þeirrar skyldu hafi verið gætt sem skyldi, þar sem ekki var tekin ákvörðun um aðgjörðina fyrri en viku eftir að bilunin varð og þó sjerstaklega þar sem þeirri ákvörðun var breytt daginn eftir og önnur gjörð, er fyrirsjáanlega hlaut að tefja för skipsins lengur, eins og líka kom á daginn. En óverjandi þykir rjettinum það, að er vjelin bilar aftur 13. júní f. á., að þá skyldi engin ráðstöfun vera gjörð til aðgjörðar á henni fyrri en 28. s. m. eða meira en hálfum mánuði eftir að hún átti sjer stað.

Þá fær rjetturinn heldur eigi sjeð að aðalstefnanda hafi tekist að færa sönnur á, að gagnstefnandi hafi samþykkt þessar ráðstafanir. Byggir aðalstefnandi staðhæfingu sína um það á því, að firma það í Kaupmannahöfn, sem fór með umboð skipseiganda, hafi 20. maí og aftur 18. júní f. á. tilkynt firma því í Kaupmannahöfn, er sent hafði aðalvörurnar í „Sieka IV“ til kaupfjelagsins „Heklu“, hvernig komið væri og spurst fyrir um það,

hvað gjöra ætti við farminn, án þess að fá svar. Gagnstefnandi hefir neitað að hið umrædda firma hafi farið með umboð sitt í þessu máli, að öðru leyti en til þess, að senda vörurnar og þeirri skyldu hafði það fullnægt er vörurnar voru komnar í skipið á forsvaranlegan hátt, og mátti standa á sama hvað um þær varð úr því. Þótt þetta síðarnefnda firma því svaraði ekki brjefum hins firmans, þá leiðir ekki af því neinn rjettarmissi fyrir kaupfjelagið „Hekla“. Skipstjórinn á „Sieka IV“ átti að gæta hagsmuna kaupfjelsagsins að því er farminn snerti og eigandi skipsins að bera ábyrgð á, ef vanbrestur hefir á því orðið.

Rjetturinn verður því að telja skipseiganda eiga sök á því, að töf skipsins í Kaupmannahöfn varð svo löng, sem raun varð á, og honum skylt að bæta leigutaka skipsins skaða þann, sem af því hafi hlotist.

Eins og tekið hefir verið fram, fór fram skoðun á farmi skipsins er það kom til Eyrarbakka og voru skemdirnar á vör-unum metnar kr. 15742,00 og verður ekki annað sjeð á matsgjörðinni en að við matið sje gengið út frá því, að fullt farmgjald hafi verið greitt fyrir vörurnar hingað, verður hið vanguardna farmgjald því að greiðast, eða koma til frádráttar skaðabóta upphæð þeirri, er kaupfjelagið „Hekla“ þykir eiga rjett á.

Rjetturinn telur nú engan vafa á því, að hin langa töf skipsins í Kaupmannahöfn, sem hann telur skipseiganda eiga að nokkru leyti sök á, hafi átt mikinn þátt í þeim skemdum, sem á farminum urðu og byggir það að nokkru leyti á skoðunargjörðinni. Hinsvegar telur rjetturinn varhugavert að slá því föstu, að skipseigandinn eigi að bæta kaupfjelaginu allan hinn metna skaða. Þykir eftir öllum atvikum rjett, að láta kröfur málsaðiljanna fallast í faðma, og sýkna þá hvorn af annars kröfum í aðalsök og gagnsök og láta málskostnað í báðum málunum falla niður.